

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík


Reykjavík 28. ágúst 2009

Varðar: Umsókn um endurskoðun á starfsleyfi urðunarstaðar Hulu bs. á Skógarsandi í Rangárþingi eystra.

Meðfylgjandi er umsókn um endurskoðun á starfsleyfi fyrir urðunarstað á Skógarsandi í landi Ytri-Skóga í Rangárþingi eystra. Hulu bs. rekur urðunarstaðinn. Umsóknin er unnin í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Með vísan til framangreindra reglugerða er þess hér með óskað að Umhverfisstofnun taki meðfylgjandi umsókn til afgreiðslu. Nánari upplýsingar veitir undirritaður.

F.h. Hulu bs.



Axel Valur Birgisson

Mannvit verkfræðistofa, Grensásvegi 1. 108 Reykjavík

Umsókn um endurskoðun á starfsleyfi urðunarstaðar Hulu bs. á Skógarsandi

Umsækjandi:

Umsækjandinn er: Hulu bs. Skógasandi
Austurvegi 17
870 Vik
Kennitala: 430697-2269

Staðsetning Sorpstöðvar og núverandi starfsemi:

Austan Markarfljóts annast byggðarsamlagið Hulu bs. urðun sorps á Skógasandi í landi Ytri-Skóga í Rangárþingi eystra, beint suður af Skógum. Staðsetning þess er á gróðursnauðum sandi á sléttu landi um 2 km frá þjóðvegi og um 2 km frá sjó. Hæð yfir sjávarmáli er um 20 m.

Sorp er sótt heim á bæi vikulega yfir sumarið og á 2 vikna fresti um veturinn. Timbri og járn er safnað í gám á gámvelli við urðunarstaðinn og rúlluplasti er einnig veitt þar móttaka. Timbur hefur verið urðuð á urðunarstaðnum, járn og rúlluplast er safnað saman og sent til endurvinnslu. Unnið er að takmörkun úrgangs með markvissri flokkun til að auka nýtingu urðunarstaðarins. Urðun fer fram á lokuðu svæði sunnan landgræðslugirðingar á Skógasandi en sorpurðunarstaðurinn fékk starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnun) í janúar 2000 að undangengnu mati á umhverfisáhrifum (frá 1998).

Tegund og magn úrgangs sem sótt er um:

Núverandi starfsleyfi gerir ráð fyrir urðun allt að 400 t af heimilis- og rekstrarúrgangi. Óskað er eftir framlengingu á urðun flokkaðs heimilisúrgangs og urðun rekstrarúrgangs með svipaða eiginleika og heimilsúrgangur. Að auki er sótt um að urða dýraúrgang (óákveðið breytilegt magn) og grófum úrgangi, s.s. byggingarúrgangi (óákveðið breytilegt magn). Því er sótt um urðun fyrir óbreyttu magni af úrgangi frá fyrra starfsleyfi en með breytta samsetningu en verið hefur.

Einnig er óskað eftir að urða ösku frá sorporku-stöðvum og heimila urðun úrgangs sem flokkaður hefur verið sem spilliefni en inniheldur ekki spilliefni samkvæmt nánara mati á hættu úrgangsins.

Móttökugeta og áætlaður rekstrartími (starfsleyfi eru jafnan gefin út til 16 ára, ef sótt er um til skemmri tíma þarf að tiltaka það hér):

Móttökugeta urðunarstaðarins á Skógarsandi er mikill. Sérstaklega með það í huga að núverandi urðunarreinar skv. deiliskipulagi hafa verið nýttar mun betur en áður var áætlað í núverandi deiliskipulagi. Hver urðunarreim hefur dugað í 2 til 3 ár í stað 1 árs (sjá fylgiskjal 2).

Sótt verði um starfsleyfi til 16 ára eða til ársins 2025.

Umhverfissvöktun:

Sjá umfjöllun um undanþágu hér á eftir.

Staða skipulags:

Í gildi er Aðalskipulag Rangárþings Eystra 2003-2015 þar sem gert er ráð fyrir urðunarsvæði á Skógarsandi. Fyrir liggur deiliskipulag urðunarstaðarins frá 1998.

Lýsing urðunarstaðar:

Skógarsandur hefur myndast með framburði Jökulsár samfara rofi og bráðnun Sólheimajökuls og með gjóskufalli og framburði sands og aurs. Strandlengja Skógarsands virðist vera í góðu jafnvægi og því lítil hættu á landbroti. Efnisgerð á urðunarstaðnum er einkum mól, sandur og vikur og því er lekt þar mjög mikil. Rigningarvatn og sigvatn hripar því hratt niður í sandinn.

Í fylgiskjali 2 má sjá núverandi urðunarstað en þar má sjá það svæði sem nú þegar hefur verið urðað á, svæði í núverandi notkun, og svæði sem fyrirhugað er að nota til ársins 2025.

Ef sótt er um undanþágur skv. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs þarf að tiltaka það hér og skal rökstuðningur fylgja umsókninni:

Hér með er sótt um undanþágur frá ákvæðum reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs. Sótt er um undanþágur í samræmi við ákvæði í 26. gr. laga nr. 55/2003, þar sem segir að: *Umhverfisstofnun er heimilt að veita rekstraráðila undanþágu frá sýnatöku, eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með, vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni og mælingum á breytingum á umfangi úrgangs sem urðaður hefur verið, hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað í afskekktu byggð sem tekur eingöngu til urðunar úrgang sem fellur til í þeirri afskekktu byggð. Í sömu lögum er afskekkt byggð skilgreind sem landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500. Í byggðinni í Rangárþingi eystra, austan Markarfljóts, búa nú um 280 manns, en urðunarstaðurinn þjónar einnig að hluta byggðinni í Mýrdalshreppi þar sem búa nú um 490 talsins. Urðunarstaðurinn að Uxarfótarlæk þjónar einnig Mýrdalshreppi. Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs kemur fram að verulegt átak er hægt að gera í sveitinni til að draga úr förgun lífræns úrgangs í samræmi við stefnu stjórnvalda þar um. Förgun úrgangs á svæðinu verður því meir og meir ólífræn ef þessar áætlanir ná fram að ganga. Á svo litlum stað eru því áhrif af lífrænum úrgangi mjög lítil.*

Urðunarstaðurinn á Skógarsandi er eins og fram kom áður úr mól sand og vikri, þar sem allur vökvi hripar mjög hratt niður. Ekkert yfirborðsvatn er á svæðinu, en næstu vatnsföll eru Skógáin að vestan og Jökulsá á Sólheimasandi að austan. Sigvatn rennur niður í grunnvatn og til sjávar um mjög mikinn sand og vikurmassa sem virkar eins og besta sandsía. Ekki er möguleiki á mælingu á sigvatni og þar sem staðurinn er mjög lítill er mjög erfitt að sjá breytingar á grunnvatni.

Hér er því gert ráð fyrir að sótt verði um undanþágur á þeim þáttum sem hér falla undir.

Til vara eru sótt um undanþágu í samræmi við ákvæði 25. gr. reglugerðar nr. 738, um urðun úrgangs.

Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri:

Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum vegna sorpförgunar byggðasamlagsins Hulu á Skógarsandi sem Skipulagsstofnun samþykkti 16. apríl 1998 (sjá Hönnun hf. 1998: Hulu Sorpförgun Byggðasamlags. Frummat á umhverfisáhrifum). Í umhverfismatinu er staðháttum á urðunarsvæðum Hulu bs. lýst og áætlun um förgun á svæðinu. Þeim áætlunum sem þar voru lagðar fram hefur verið fylgt og tekist hefur að draga úr förgun þannig að skipulagt svæði hefur nýst betur en áætlað var.

Einnig hefur verið unnin svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á svæðinu og fylgir skýrsla um svæðisáætlunina með umsókninni.

Fylgiskjöl með umsókn:

Eftirlarandi fylgiskjöl eru meðfylgjandi:

1. Uppdráttur af urðunarstaðnum
2. Mynd af núverandi og fyrirhugaðri urðun.
3. Deiliskipulagsuppdráttur
4. Tillaga að viðbragðsáætlun/neyðaráætlun
5. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Staður, dags.

Reykjavík, 28. ágúst 2009.


F.h. Hluu bs. Skógasandi


Axel Valur Birgisson

Mannvit verkfræðistofa, Grensásvegi 1, 108 Reykjavík

US 200909 00002

Yfirlitskort yfir Skógasand MÆLIKVARÐI 1:50.000



Úrdunarstaður á Skógasandi

ANTIC OCEAN

SKÓGASAND





Núverandi gróing

Ufrónarsvæði

Gryfjur

i notkun

Fyrirhugaðar

Notkun lokið



VEGFRÆÐ BIÓFA



Kortagráður Samson og Láti


Hítlaakerá 1386G

Vertíðnúmer 1-831-218

Telufaxi 880P

Dagsetning 28.08.2008





Yfirlitskort 1:50.000

STÆRD
Flatarmáli skipulagssvæðis er 6,9 ha

UMHVERFI
Skipulagssvæðið er á gróðurrauðum svörtum sandi summan landgræðslugirðingur. Aðkoma er frá þjófvegi eftir slóða vestan við rektað tún.

LANDAMERKI
Skipulagsvæðið er í landi Ytri-Skóga. Landamerki skv. landamerkjáttabók Rangárvallasýsla, bókun 124/1890
Að austan: "Stenhrúga suður á sjávarkambi á að bera eða miðast þeina sjónhending í miðjan Dalagilssass".
"Að vestan mörkar syðst Skógán frá fjöru til fjalls".

LANDNOTKUN
Á svæðinu verður urðað heimilisorp og aka frá sorpbrennsliu í sérstökum urðunarreinum. Einnig verður móttaka fyrir brotajárni og sérstakar urðunarreinar fyrir byggingargang og seyru.

FRÁGANGUR
Grt verður umhverfis urðunarvæðið með fjárheldri girðingu. Vestan urðunarreinar verður jörðvegsmön mynduð af uppgreftni úr urðunarrein. Efkr notkun verður yfirborð þímað þannig að það falli sem best að umhverfinu. Umframefni myndar óvalla neð á sandinum, hámarksleð 2,0 m
S60 verður í yfirborð í samræði við Landgræðslu ríkisins.

UMHVERFISMAT
Umhverfismat fyrir svæðið er unnið af Hönnun hf.

Deiliskipulagsuppráttur 1:2000

Deiliskipulag þetta, sem hefur fengið meðferð skv. lögum nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn þann 15. október 1997

Ólafur Þ. Ólafsson

A-EYJAFJALLAHREPPUR	
DEILISKIPULAG FYRIR SORPUBUN, GÁMAVÖLL, MOITÖKU Á BROTAJÁRNI OG LANDBÚNAÐARPLASTI Í LANDI YTRI-SKÓGA	
Sveinn Pósson 1012612209 Austurvegi 6 870 Vík Sími 4871177 netfang sp@skanda.is	10.10.97
LANDAMERKI	Landmælingar/Íslands 1:50.000
DAEGS	

Tillaga að viðbragðsáætlun og neyðaráætlun vegna meðhöndlunar úrgangs á starfssvæði HULU bs. á Skógarsandi

Starfsleyfishafi er: Hula bs.
Austurvegi 17
870 Vik
Kennitala: 430697-2269

Viðbragðsáætlun

Markmiðið með áætluninni er að hafa stjórn á losun úrgangs ef til óhapps kemur á athafnasvæði Hula bs. á Skógarsandi.

Viðbragðsáætlun um aðgerðir ef til mengunaróhapps kemur hjá athafnasvæðinu er eftirfarandi:

- Ef olía eða önnur spilli- og eiturefni fara vegna slysi í jarðveg skulu starfsmenn urðunarstaðarins moka menguðum jarðvegi upp við fyrsta tækifæri og setja í gám og farið með jarðveginn í viðeigandi cyðingu.

Dagleg starfsemi urðunarstaðarins miðast við að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og til að draga úr afleiðingum þeirra.

Viðbragðsáætlun skal sett upp á áberandi stað á athafnasvæðinu.

Neyðaráætlun

Markmiðið með áætluninni er að gera varaúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir eða að takmarka hugsanlegan skaða ef urðunarstaðurinn lokar eða neyðist til að draga verulega úr starfseminni sinni á Skógarsandi í Rangárþingi eystra.

Varúðarráðstafanir eru nauðsynlegar ef til lokunar eða til takmörkunar á þjónustu breytist verulega, eða að skyndilega þurfi að loka urðunarstaðnum af ýmsum orsökum um lengri eða skemmri tíma.

Neyðaráætlun fyrir urðunarstaðinn byggist á eftirfarandi:

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. rekur urðunarstað og móttökustöð að Strönd í Rangárþingi ytra og Sorpstöð Suðurlands bs rekur urðunarstað að Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi. Bæði Strönd og Kirkjuferjuháleiga geta tekið tímabundið á móti öllum þeim úrgangi sem nú er tekið á móti á Skógarsandi til urðunar.

Sorpstöðvarnar á Suðurlandi geta leitað í neyðartilfellum til SORPU á höfuðborgarsvæðinu sem rekur urðunarstað á Álfsnesi. Á þetta við um allar tegundir úrgangs sem nú kemur til meðhöndlunar og urðunar á Skógarsandi.

HULA bs. hefur möguleika á að koma úrgangi til Sorpbrennslu Suðurnesja í neyðartilfellum.

Tekið er fram að nauðsynlegt þykir að samræmdar aðgerðir séu viðhafðar hjá nærliggjandi sorpsamlögum.

Umhverfisstofnun
Guðmundur B. Ingvarsson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Tilvísun: 1.831.216

15. nóvember 2010

Varðar: Tillaga að viðbragðsáætlun og neyðaráætlun vegna urðunar úrgangs á vegum Hulu bs. á Skógarsandi. Viðbótarupplýsingar vegna áhættumats í samræmi við lög um varnir hafs og stranda nr. 33/2004.

Vísað er í viðbragðsáætlun sem send var Umhverfisstofnun vegna endurnýjunar á starfsleyfi urðunarstaðar á Skógarsandi. Markmiðið með áætluninni er að hafa stjórn á losun úrgangs ef til óhapps kemur á urðunarstaðnum. Tekið er mið af b-lið í I viðauka laga nr. 33/2004 en þar eru þættir sem taka ber tillit til við mat á mögulegri áhættu af starfseminni fyrir umhverfi haf og stranda og eru þeir eftirfarandi:

1. Magn hættulegra efna sem notuð eru í starfseminni.

Ekki er um að ræða önnur efni en olíu á vinnuvélar. Hefðbundnar vinnuvélar á urðunarstöðum eru með um 100-400 lítra eldsneytistank. Einnig er á vélun einhver smurolía og glussaolía. Á Skógarsandi er ekki daglegur rekstur vinnuvéla og því er ekki um að ræða umtalsvert magn af olíu í umferð á svæðinu. Engin önnur fljótandi eða hættuleg efni eiga að koma á svæðið.

2. Eðli og verkan þeirra hættulegu efna sem notuð eru í starfseminni.

Um er að ræða þunnfljótandi gasolíu. Ef olíuleki verður sest hún í sendinn jarðveginn og er tiltölulega viðráðanleg til uppmoksturs. Smurolía og glussaolía eru þykkari og því auðveldara að ná þeim upp.

3. Fjarlægð starfseminnar frá sjó.

Um er að ræða staðsetningu urðunarstaðar í um 2 km fjarlægð frá sjó þar sem starfsemin fer fram.

4. Hugsanleg áhrif bráðamengunar, m.a. með tilliti til viðtaka.

Engin bráð áhrif sjást ef til óhapps kemur.

5. Aðrar ábyrgðartryggingar og umfang þeirra.

Sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Virðingarfyllst,
Axel Valur Birgisson



Mannvit: Skógarsandur
Almennt: T-póstur
Málsnúmer: UST20100100262
Númer skjals: U20110100318
Bréfalyklar: 8.14.1 Meðhöndlun skólps og úrgangs -
starfsleyfi
Eigandi skjals: Guðmundur B Ingvarsson
Dagsetningar :
Búið til: 06.01.2011 00:00:00
Dagsetning skjals: 21.12.2010

Upplýsingar um viðskiptavin :
Netfang: Axel V Birgisson <axel@mannvit.is>

Frá: Axel V Birgisson <axel@mannvit.is>
Dags: 21.12.2010 16:12:25
Til: gbi@ust.is
Afrit: agust@hvolsvollur.is
Efni: Mannvit: Skógarsandur

Sæll Guðmundur.

Meðfylgjandi eru upplýsingar varðandi gámavöllinn á Skógarsandi. Endilega láttu mig vita ef frekari upplýsingar vantar.

1. Tegund og magn úrgangs á gámavöll á Skógarsandi sem sótt er starfsleyfi um:

Á gámavellinum er tekið á móti brotajárni, timbri, grófum úrgangi, heimilistækjum, dekkjum, spilliefnum og garðaúrgangi.

Samkvæmt tölum frá Sveini Pálssyni, fyrrverandi sveitarstjóra, þá er árlegt magn helstu flokkana á gámavöllinn eftirfarandi:

Brotajárn 80.630 kg.
Byggingarúrgangur 48.250 kg.
Spilliefni ca 1.350 kg.

Þar sem þetta magn fer ekki til urðunar leggjum við til að þessar viðmiðunartölur verði ekki teknar með í heildarmagni fyrir urðunarstaðinn (400 t) enda getur það magn sem berst á gámavöllinn sveiflast töluvert á milli ára.

2. Almennar upplýsingar:

Gámavöllur sem sótt er starfsleyfi fyrir er sýndur á meðfylgjandi teikningu. Þar er gert ráð fyrir tveimur gámum fyrir endurvinnanlegan úrgang og tveimur minni gámum fyrir spilliefni og raftæki. Umhverfis gámavöllinn verður girðing með hliði.

Gert er ráð fyrir að steipt plan verði undir þá gáma sem ráðgert er að hafa á gámavellinum. Undir spilliefnagámum verður að auki sett niðurfal sem leitt er í sandfang og olúskilja. Opnunartími verður á þeim tíma sem umsjónarmaður verður við störf á sjálfum urðunarstaðnum sem er 2 x í viku. Opnunartími verður í 3 klst í senn. Opnunartími, sími umsjónarmanns og almennar upplýsingar um gámavöllinn verða gerðar aðgengilega á skilti við hlið gámavallarins.

Gert er ráð fyrir að sama viðbragðs- og neyðaráætlun gildi fyrir gámavöllinn og fyrir

urðunarstaðinn sjálfan.

Bestu kveðjur,
Axel

Kveðja / Regards,
Axel Valur Birgisson
Sviðsstjóri umhverfissviðs
Section Manager of Environmental Services
Sími / Tel.: +354 4223051
GSM / Mobile: +354 8673067



MANNVIT

www.mannvit.is / www.mannvit.com



Gámasvæði.pdf

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Reykjavík 13. janúar 2010

Varðar: Umsókn um undanþágu vegna endurskoðunar á starfsleyfi urðunarstaðar við Skógarsand. Upplýsingar um rekstur gámvölla á staðnum.

1. Umsókn um undanþágu

Umsókn um endurskoðun á starfsleyfi fyrir urðunarstað á Skógarsandi í Rangárþingi eystra var send Umhverfisstofnun í ágúst sl. Í tölvupósti frá Umhverfisstofnun þann 17. nóvember sl. var óskað eftir að fá umsókn um undanþágu bréfleiðis og taldir upp þeir liðir sem sótt er um undanþágu frá.

Hér með er sótt um undanþágu fyrir urðunarstað á Skógarsandi, sem afskekkt byggð skv. 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs.

Rökstuðningur fyrir því að staðurinn falli undir framangreint er hér á eftir:

„Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500...“

Urðunarstaðurinn við Skógarsand þjónar byggðinni frá Jökulsá á Sólheimasandi og rétt vestur fyrir Markarfljót en íbúar á þessu starfssvæði innan Rangárþings eystra eru 267 manns¹. Urðunarstaðurinn þjónar einnig hluta Mýrdalshrepps en þar búa um 490 manns. Sótt er um undanþágu undir þessum lið þar sem Skógarsandur þjónar einungis hluta Mýrdalshrepps en ekki liggur fyrir nákvæm skipting þar á milli.

„...Íbúar á ferkílómetra eru ekki fleiri en fimm og...“

Íbúar í Rangárþingi eystra austan Markarfljóts eru 0,31 á hvern ferkílómetra (0,91 fyrir allt Rangárþing eystra) en heildarstærð svæðisins eru 850 ferkílómetrar (1.841 fyrir allt Rangárþing eystra)². Íbúar í Mýrdalshreppi eru um 0,65 á hvern ferkílómetra en heildarstærð sveitarfélagsins 755 ferkílómetrar.

„...fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 íbúar á hvern ferkílómetra, er ekki undir 50 km (eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar talsverðan hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.)“

Næsti þéttbýlisstaður með yfir 250 íbúa utan starfssvæðisins er Hvolsvöllur (með um 850 íbúa) og er í um 50 km fjarlægð. Næsti þéttbýlisstaður með fullgildan urðunarstað er höfuðborgarsvæðið (154 km).³

Hér er því gert ráð fyrir að sótt verði um undanþágu á öllum þeim þáttum sem hér falla undir og eru meðfylgjandi:

¹ Svæðisáætlun fyrir meðhöndlun úrgangs á starfssvæði HULU 2008-2020

² sjá svæðisáætlun sem fylgdi umsókn um starfsleyfi (UMÍS, 2009: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði HULU 2008-2020.).

³ <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegalengdir>

26. gr.

Afskekktar byggðir.

Hafi eingöngu verið tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og um er að ræða urðunarstað í afskekkttri byggð sem tekur eingöngu til urðunar úrgangs frá þeirri afskekktu byggð getur Umhverfisstofnun ákveðið í starfsleyfi:

a)	að veita rekstraraðila undanþágu frá áætlun um eftirlit og vöktun, sbr. III. viðauka;
b)	að veita rekstraraðila undanþágu frá sýnatöku, eftir því sem aðstæður á viðkomandi urðunarstað mæla með, vegna vöktunar á sigvatni, grunnvatni, og mælingum á breytingum á umfangi úrgangs sem urðaður hefur verið;
c)	veita undanþágu frá starfsleyfistryggingu;
d)	að veita undanþágu frá 3. mgr. 6. gr.;
e)	að veita undanþágu frá 2. mgr. 9. gr. um afhendingu úrgangs;
f)	að veita undanþágu frá 2. mgr. 21. gr. um gæðakerfi rekstraraðila;
g)	að veita undanþágu frá ákvæðum er varða verndun jarðvegs og vatns og aðgerðir er varða hauggas, sbr. 3. og 4. lið í I. viðauka.

Þess er hér með óskað að Umhverfisstofnun taki umsóknina til afgreiðslu. Nánari upplýsingar veitir undirritaður.

2. Upplýsingar um gámavöll

Við urðunarstaðinn á Skógasandi er gámavöllur fyrir eystri hluta Rangárþings eystra. Þar er tekið á móti brotajárni, timbri, grófum úrgangi, heimilistækjum, dekkjum, spilliefnum og garðaúrgangi. Grófur úrgangur, s.s. timbur, er urðað á sérstökum stað innan girðingar urðunarstaðarins, en múrbrot er urðað utan girðingar. Almennur úrgangur er urðaður en annar úrgangur er fluttur burtu til endurvinnslu. Fyrir nokkrum árum var landbúnaðarplast urðað sér innan urðunarstaðarins og var það gert til þess að hægt væri að grafa það upp síðar, þegar aðstæður biðu upp á það. Við athugun hefur komið í ljós að plastið er hreint og þurr og hentar því vel til endurvinnslu, þegar þar að kemur⁴. Samkvæmt svæðisáætlun⁴ eru aðstæður á Skógasandi mjög góðar til urðunar, þar sem um þurran sand er að ræða, sem urðað er í. Hins vegar er lítill sem enginn umbúnaður á staðnum, t.d. engin söfnun sigvatns og þar af leiðandi engar mælingar gerðar.

F.h. Mýrdalshrepps

Axel Valur Birgisson

Mannvit verkfræðistofa, Grensásvegi 1, 108 Reykjavík

⁴ UMÍS, 2009: Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Hulu 2008-2020.

HULA bs.
Austurvegi 17
870 Vík

Umhverfisstofnun
Ab. _____
08. feb. 2011
8.14.1
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. febrúar 2011
Tilvísun: UST20100100262/gbi

Umsókn HULU bs. um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Skógasandi

Vísað er til umsóknar HULU bs. um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Skógasandi. Umhverfisstofnun tilkynnti um móttöku umsóknarinnar með bréfi dags. 6. janúar 2011 og hóf í framhaldi vinnslu málsins. Í umsókninni er sótt um undanþágur frá hluta þeirra krafna sem koma fram í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, á grundvelli þess að urðunarstaðurinn þjóni einungis afskekktu byggð, sbr. 26. gr. sömu reglugerðar. Var sótt um undanþágurnar í bréfi dags. 13. janúar 2010 og umsóknin þar rökstudd.

Í 26. gr. reglugerðar um urðun úrgangs kemur fram að ef um er að ræða urðunarstað í afskekktu byggð sem tekur eingöngu til urðunar úrgang frá þeirri afskekktu byggð geti Umhverfisstofnun ákveðið í starfsleyfi að veita undanþágur frá tilteknum kröfum reglugerðarinnar. Í 3. gr. sömu reglugerðar er afskekkt byggð skilgreind og kemur fram að landsvæði geti talist afskekkt byggð uppfylli það gefin skilyrði. Það er því mat Umhverfisstofnunar að hugtakið afskekkt byggð eigi við um það landsvæði sem urðunarstaðurinn þjónar en ekki urðunarstaðinn sjálfan. Til að landsvæði geti talist afskekkt byggð þarf það að uppfylla þrjú skilyrði, sbr. fyrrennfnda 3. gr. reglugerðar um urðun úrgangs: 1) íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð mega ekki vera fleiri en 500, 2) íbúar á ferkílómetra mega ekki vera fleiri en fimm og 3) fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á hvern ferkílómetra, má ekki vera undir 50 km eða að vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar séu torveldar talsverðan hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða. Ekki er tekið fram að þriðja skilyrðið eigi einungis við um þéttbýlisstaði þar sem fyrir er förgunarstaður fyrir úrgang og því er það mat Umhverfisstofnunar að skilyrðið nái til allra þéttbýlisstaða utan afskekktu byggðarinnar sjálfar, óháð því hvort þar sé rekinn förgunarstaður eður ei.

Í bréfi HULU bs., dags. 13. janúar 2010, kemur fram að urðunarstaðurinn á Skógasandi þjóni byggðinni frá Jökulsá á Sólheimasandi og rétt vestur fyrir Markarfljót, ásamt hluta Mýrdalshrepps. Kemur fram að íbúar í byggðinni frá Jökulsá og rétt vestur fyrir Markarfljót séu um 267 talsins og íbúapétteleiki svæðisins 0,31 íbúi/km². Umhverfisstofnun dregur þessi gildi ekki í efa og samkvæmt þeim uppfyllir umrætt svæði tvö af skilyrðunum þremur til að teljast afskekkt byggð. Varðandi Mýrdalshrepp þá hefur Umhverfisstofnun þegar ákvarðað að sveitarfélagið teljist í heild sinni afskekkt byggð, sbr. starfsleyfi fyrir urðunarstað við

Uxafótarlæk sem stofnunin gaf út 1. júní 2010. Samkvæmt fyrrnefndu bréfi HULU bs. er næsti þéttbýlisstaður við umrætt starfsvæði urðunarstaðarins Hvolsvöllur með um 850 íbúa og í um 50 km fjarlægð og næsti þéttbýlisstaður með fullgildan urðunarstað höfuðborgarsvæðið í 154 km fjarlægð. Þann 1. janúar 2010 voru íbúar Hvolsvallar 847 talsins (Hagstofa Íslands) og er flatarmál þéttbýlisins 0,6699 km² (Landmælingar Íslands, 2011). Það gerir 1264 íbúa á hvern ferkílómetra, eða yfir þeim 250 íb./km² sem koma fram í þriðja skilyrðinu fyrir afskekktu byggð. Samkvæmt korti Landmælinga Íslands er vegalengdin frá Hvolsvelli að Markarfljóti um 20 km og frá Hvolsvelli að Jökulsá á Sólheimasandi um 54 km. Það er því ljóst að nær allt það landsvæði sem um ræðir, frá Jökulsá á Sólheimasandi og rétt vestur fyrir Markarfljót, er í innan við 50 km fjarlægð frá Hvolsvelli, þar sem íbúapétteleiki er 1264 íb./km². Í fyrrnefndu bréfi HULU bs. er ekki fjallað um veðurskilyrði á svæðinu og hvort að þau geti torveldað samgöngur til Hvolsvallar. Það verður þó að teljast ólíklegt að þær geti talist torveldar talsverðan hluta ársins þar sem Vegagerðin er með vetrarþjónustu alla daga vikunnar á þeim hluta þjóðvegur nr. 1. Að mati Umhverfisstofnunar telst landsvæðið frá Jökulsá á Sólheimasandi og rétt vestur fyrir Markarfljót því ekki afskekkt byggð í skilningi reglugerðar um urðun úrgangs og er umsókn HULU bs. um undanþágur skv. 26. gr. sömu reglugerðar því hafnað.

Umhverfisstofnun veitir HULU bs. frest til 1. mars nk. til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og til að upplýsa stofnunina um hvort að þessi niðurstaða breyti fyrirætlunum byggðasamlagsins um áframhaldandi rekstur urðunarstaðarins. Umhverfisstofnun telur rétt að vinna ekki frekar að vinnslu starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn þar til afstaða byggðasamlagsins liggur fyrir.

Virðingarfyllt

f.h. Umhverfisstofnunar


Guðmundur B. Ingvarsson

Guðmundur B. Ingvarsson
sérfræðingur

Sigríður Kristjánsdóttir
Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Mannvit, verkfræðistofa, b.t. Axels Vals Birgissonar

HULA bs.
Austurvegi 17
870 Vík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 21. mars 2011
Tilvísun: UST20100100262/gbi

Umsókn HULU bs. um starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Skógasandi

Vísað er til tölvubréfs HULU bs., dags. 1. mars 2011, sem sent var sem svar við bréfi Umhverfisstofnunar, dags. 7. febrúar 2011. Í tölvubréfinu er gerð athugasemd við þá túlkun Umhverfisstofnunar að hugtakið afskekkt byggð, sem skilgreint er í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, eigi við um það landsvæði sem urðunarstaður þjónar en ekki um urðunarstaðinn sjálfan. Kemur fram það mat að orðalagið í reglugerðinni sé óljóst og þeirri spurningu velt upp hvort skilyrði sem afskekkt byggð þurfi að uppfylla eigi við um einstaka hús í viðkomandi byggð, meginhluta byggðar, þann hluta byggðar sem fjærst er tilteknu þéttbýli eða að það eigi við um urðunarstaðinn sjálfan. Í tölvubréfinu kemur einnig fram að sé það skoðun Umhverfisstofnunar að fyrri túlkun gildi að þá sækist HULA bs. eftir almennum undanþágum fyrir urðunarstaðinn á Skógasandi, í samræmi við 25. gr. reglugerðar um urðun úrgangs. Kemur fram það mat að urðunarstaðurinn sé vel staðsettur frá náttúrunnar hendi og að rekstur hans hafi gengið samkvæmt áætlunum. Einnig kemur fram að hann hafi gengist undir mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun hefur lagt mat á framangreinda athugasemd og telur ekki þörf á að breyta afstöðu sinni sem fram kemur í bréfi stofnunarinnar, dags. 7. febrúar 2011. Umhverfisstofnun stendur við mat sitt er kom fram í framangreindu bréfi um að hugtakið afskekkt byggð eigi við um það landsvæði sem urðunarstaður þjónar en ekki um urðunarstaðinn sjálfan. Þetta mat sitt byggir stofnunin á því orðalagi sem kemur fram í reglugerð um urðun úrgangs. Hugtakið sjálft er afskekkt byggð en ekki afskekktur urðunarstaður, í 3. gr. reglugerðarinnar kemur fram að afskekkt byggð sé landsvæði sem íbúar byggja og í 26. gr. hennar er talað um urðunarstað í afskekktu byggð sem eingöngu tekur til urðunar úrgang frá þeirri afskekktu byggð. Stofnunin hefur einnig haft til hliðsjónar tilskipun Evrópuráðsins nr. 1999/31/EB um urðun úrgangs, en hún er grunnurinn að reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Hugtakið afskekkt byggð er þýðing á hugtakinu *isolated settlement* í tilskipuninni og verður ekki annað skilið af texta hennar en að um byggðina sjálfa sé að ræða, en ekki urðunarstaðinn. Umhverfisstofnun getur því ekki komist að annarri niðurstöðu en að hugtakið afskekkt byggð eigi við um íbúabyggðina þar sem úrgangurinn verður til. Því stendur stofnunin við fyrra mat sitt. Stofnunin tekur hins vegar undir með HULU bs. að ekki komi fram í reglugerðinni hvort miða eigi við einstaka hús í viðkomandi

byggð, meginhluta byggðar eða þann hluta byggðar sem fjærst er tilteknu þéttbýli Það kemur heldur ekki fram í tilskipuninni. Til að gæta réttar þeirra íbúa sem uppfylla skilyrðin um afskekkt byggð, jafnvel þótt hús þeirra séu hluti af stærri byggð, telur Umhverfisstofnun rétt að miða við einstaka hús í byggðinni. Þannig getur hluti byggðar talist afskekktur án þess að hún teljist afskekkt í heild sinni. Samkvæmt þessu gætu bæir á þjónustusvæði HULU bs. og næst eru Jökulsá á Sólheimasandi mögulega talist afskekkt byggð samkvæmt 3. gr. reglugerðar um urðun úrgangs. Stofnunin vill þó benda á að samkvæmt 26. gr. reglugerðarinnar er urðunarstað, sem fengið hefur undanþágur á grundvelli þess að þjóna afskekktri byggð, einungis heimilt að taka við úrgangi frá þeim hluta byggðarinnar sem telst afskekktur og myndi slíkt skilyrði bundið í starfsleyfi urðunarstaðarins.

Varðandi heimild sem Umhverfisstofnun er veitt samkvæmt 25. gr. reglugerðar um urðun úrgangs til að minnka kröfur og veita undanþágur við útgáfu starfsleyfis þá er mögulegt fyrir HULU bs. að sækja um þá leið. Eins og kemur fram í greininni skal slík ákvörðun stofnunarinnar þó byggjast á framlögðum gögnum um áhættumat í umsókn um starfsleyfi, og ef við á, í mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt greininni þarf áhættumatið að sýna fram á að jarðvegi, grunn- eða yfirborðsvatni stafi ekki hætta af urðuninni, áður en heimilt er að minnka kröfur um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu og veita undanþágu frá sigvatnssöfnun. Í þessum málum hefur Umhverfisstofnun gert kröfu um að áhættumatið sé unnið samkvæmt leiðbeiningum sem SFT, umhverfisstofnun Noregs, gaf út árið 2003 en þar er farið ítarlega í innihald slíks áhættumats og þau skilyrði sem urðunarstaðir þurfa að uppfylla í matinu til að geta sótt um undanþágur.

HULA bs. hefur ekki lagt fram slíkt áhættumat og var það ekki hluti af mati á umhverfisáhrifum af staðnum. Umhverfisstofnun getur ekki tekið ákvörðun um veitingu undanþága á grundvelli 25. gr. reglugerðar um urðun úrgangs fyrr en áhættumat liggur fyrir. Umhverfisstofnun óskar því eftir að HULA bs. upplýsi um hvort áformað sé að leggja fram slíkt áhættumat og áætlun um hvenær það verði gert. Óskar stofnunin eftir að þær upplýsingar berist fyrir 8. apríl nk.

Umhverfisstofnun vill taka það fram að berist ekki áhættumat verður unnið að útgáfu starfsleyfis líkt og ekki hafi verið sótt um framangreindar undanþágur.

Umhverfisstofnun veitir góðfúslega aðstoð og frekari leiðbeiningar um málið verði eftir þeim leitað.

Virðingarfyllst
f.h. Umhverfisstofnunar

Guðmundur B. Ingvarsson
Guðmundur B. Ingvarsson
sérfræðingur

Sigríður Kristjánsdóttir
Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri